


Nr.: VKL-301	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 4.0		
Dags: 09.11.2017	<h2>1. Kennsla áfanga</h2>	
Höf: Gunnar Kjartansson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 1		

## 1. Tilgangur

Þessi verklagsregla lýsir í stórum dráttum hvernig kennsla fer fram í áföngum skólans og hvernig hún tengist alþjóðlegu starfsumhverfi skólans og jafnframt gæðakröfum frá IMO og/eða öðrum aðilum/stofnunum.

## 2. Gildissvæði (umfang)

Þetta vinnuferli gildir fyrir alla áfanga skólans í áfangakerfi.

## 3. Ábyrgð

<b>Skólameistarar</b>	bera ábyrgð á að markmiðum skólans sem íslenskur framhaldsskóli og sem alþjóðlegur IMO skóli verði náð.
<b>Skólastjórar</b>	bera ábyrgð á faglegum gæðum kennslu í sínum skólum.
<b>Kennarar</b>	eru ábyrgir fyrir að veita þá kennslu sem gæðamarkmið, áfangalýsingar og kennsluáætlanir lofa nemendum.
<b>Nemendur</b>	bera ábyrgð á að nýta sér þá kennslu sem í boði er hverju sinni.

## 5. Framkvæmd

Allir framhaldsskólakennarar hafa þekkingu á uppeldis- og kennslufræðum sem þeir nota til að meta stöðugt þekkingu, leikni og hæfni nemendanna. Nánar um ábyrgð og hlutverk kennara má lesa um í Starfslýsingu kennara, [STL-013](#) og í reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007, grein nr. 7.

Kennari skal m.a.:

- skrá viðveru nemenda í Innu, sbr. [VNL-301a](#)
- kenna samkvæmt kennsluáætlun,
- kenna með fjölbreytilegum kennsluáferðum við hæfi,
- notfæra sér kennsluvef skólans við kennslu,
- meta kunnáttu nemenda í samræmi við [VKL-306](#) um námsmat og prófhald.

Falli kennsla niður skal skrá forföll í INNU sbr. [VNL-301](#)

## 6. Tilvísanir í skjöl

- Rekstrarhandbók 03: Áfangalýsingar
- Rekstrarhandbók 09: Kennsluáætlanir
- [VKL-306](#) Námsmat og prófhald
- [STL-013](#) Starfslýsing kennara

## 7. Viðeigandi skrár

- [Inna](#).
- Kennsluvefur.
- [VNL-301](#) forföll kennara
- [VNL-301a](#) Skráning á viðveru
- önnur gögn sem kennarar nota við kennsluna hverju sinni og varðveita eftir aðstæðum.